

30.11.2011

Til þess er málið varðar,

ég bauð mig fram til stjórnlagabings á sínum tíma, stunda nám á þriðja ári í stjórn málafræði við HÍ og hef mikinn áhuga á stjórnarskrá Íslands sem og öðrum þjóðfélagsmálum.

Ég lýsi yfir stuðningi við frumvarp stjórnlagaráðs og krefst þess að þjóðin fái að kjósa um það sem fyrst. Sé tilefni til breytinga á þessu frumvarpi skulu þær gerðar í fullri samvinnu við stjórnlagaráð.

Í heild sinni felur frumvarpið í sér stjórnarskrá sem er nútímalegri, skýrari, lýðræðislegri og mun betur í samræmi við vilja og hug íslensku þjóðarinnar heldur en nokkurn tímann hin úrelta, óskýra og óásættanlega stjórnarskrá sem við búum við í dag. Samþykki eða höfnun á stjórnarskránni verður að fara beint í gegnum þjóðina, sérstaklega við þær aðstæður sem uppi hafa verið og þá vinnu sem lögð hefur verið í frumvarpið.

Þó verður að varast að slík atkvæðagreiðsla misfarist ekki með því að boðið sé upp á of einfalda "já" eða "nei" kosti sem endurspeglar ekki nægilega vel fjölbreytileika skoðana fólksins á þessu mikilvæga málefni. Þannig væri t.d. hægt að bjóða upp á, á kjörseðli í atkvæðagreiðslunni, að samþykkja stjórnarskrána í heild en hafna einstökum greinum, til þess að kjósendur geti betur komið hug sínum til skila og hafna ekki frumvarpinu í heild vegna einstakra greina. Alþingis er síðan að lesa í þessa atkvæðagreiðslu, taka óvinsælar greinar til endurskoðunar en samþykkja að öðru leyti stjórnarskrána ef meirihluti þjóðarinnar gerir það.

Smávægilegar athugasemdir við frumvarpið eru eftirfylgjandi:

- 2. grein - Er framkvæmdavald ekki réttari stafsetning en framkvæmdarvald?
- 13. grein - Hér er talað um að fullt verði skuli koma fyrir eignir einstaklinga - Hvað með skatta?
- 28. grein - Stangast þetta ekki á við núgildandi lög um ómálefnalega mismunun á grundvelli kynferðis? Gæti þurft að tiltaka það
- 34. grein - Allar auðlindir sem ekki eru í einkaeigu? Er þetta ekki marklaust ef það er ekki skilgreint betur, amk sem svo að það séu allar auðlindir sem eru ekki "þegar" í einkaeigu?
- 39. grein - Óskýr ákvæði um alþingiskosningar, hvernig er samhengið milli kjördæmalista og landslista? Mega kjósendur velja einstaklinga af framboðslistum án þess að velja listann í heild sinni? Varasamt að fyrirskipa Alþingi að krukka í úrslitum kosninga eftir kynferði.
- 41. grein - Skrítið að takmarka kosningarétt við lögheimili á Íslandi
- 49. grein - Má ekki setja í gæsluvarðhald nema hann sé staðinn að glæp? Gildir þetta ekki um alla? Væntanlega ætti amk hið sama að gilda um alþingismenn og aðra í þessum efnum.
- 57.-58. grein - Ósamræmi í orðalagi, við lok "kjörtímabils" annars vegar og "löggjafarþings" hins vegar.
- 66. grein - Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu ættu alltaf að vera bindandi, í samræmi við lýðræðisstjórnskipun
- 67. grein - Þessar takmarkanir ætti ekki að setja en þó ber að setja takmarkanir við því að frumvarp geti brotið mannréttindi einstaklinga eða stjórnarskrá Íslands. Einnig ætti að setja skilyrði um að þjóðaratkvæðagreiðslur um útgjöld ríkisins skuli alltaf

bundnar við samsvarandi tekjuöflun ríkisins eða niðurskurð á öðrum sviðum, til að ríkið geti staðið undir útgjöldunum á sjálfbæran hátt.

71. grein - Undarlegt orðalag, tvítekning "né" og nokkur efnisleg tvítekning

77. grein - Ætti ekki að setja aldurstakmörk umfram sjálfræði

96. grein - Betur færi á því að mínu mati að forseti legði fram tillögu að dómurum sem Alþingi samþykkti með 2/3 hluta atkvæða, án aðkomu ráðherra.

102. grein - Sama athugasemd, réttara væri að forseti skipaði dómara.

103. grein - Hér þyrfti að taka betur á öðrum málum sem koma til álita við dómsúrskurði samkvæmt venjum lögfræðinnar; fordæmi, eðli máls o.s.frv.

Með bestu kveðjum og von um nýja stjórnarskrá,
Viktor Orri Valgarðsson